# Fólk

Lífsstíll

MÁNUDAGUR 3. JÚNÍ 2019



Hljómsveitin Ring of Gyges hefur verið starfandi frá árinu 2014. Meðlimir sveitarinnar hafa nýlokið við að semja efni á sína þriðju plötu FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Ring of Gyges semur tónlist fyrir sjálfa sig

Meðlimir í proggmetal sveitinni Ring of Gyges eyddu viku saman á Breiðdalsvík að semja nýja plötu. Þeir segja plötuna verða þyngri en þær fyrri →2

30% afsláttur
í hádeginu alla virka daga



SUSHI
Osushi
Tryggvagötu



Hljómsveitin eyddi viku á Breiðdalsvík til að fá næði til að semja FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Framhald af forsíðu

Sandra Guðrún Guðmundsdóttir
sandragudrun@frettabladid.is



Meðlimir proggmetal hljómsveitarinnar Ring of Gyges eru nýkomnir úr viku „einangrun“ á Breiðdalsvík þar sem þeir voru að semja efni á nýja plötu.

Hljómsveitin hefur verið starfandi frá árinu 2014 og stefnir að því að gefa út sína þriðju plötu á næsta ári. Hljómsveitina skipa þeir: Helgi Jónsson, söngvari og gítarleikari, Guðjón Sveinsson einnig söngvari og gítarleikari, Þorsteinn Ýmir Ásgeirsson bassaleikari, Gísli Þór Ingólfsson á píanói, hljómborði og synthum og Einar Merlin Cortes á trommum.

Strákarnir þekktust ekkert þegar hljómsveitin var stofnuð fyrir fimm árum. „Ég var búinn að vera að vinna í demóum í tölvunni heima hjá mér. Ég fann svo hóp á Facebook sem heitir hljóðfæraleikarar óskast. Ég setti inn auglýsingu þar og Guðjón og Einar svöruðu,“ segir Helgi um upphaf Ring of Gyges.

Gísli bættist við ári seinna og Steini bassaleikari hefur verið með hljómsveitinni í um það bil tvö ár og samstarfið gengur vel að sögn strákanna.

Helgi segist hafa vitað í upphafi að hann hafi viljað búa til proggmetal. „Sem var ástæðan fyrir að við Einar slógum til. Við fundum að við vorum með svipaðan tónlistarsmekk,“ skýtur Guðjón inn.

Strákarnir útskýra að proggmetall sé svipaður og progressive rock, oft kallað progg eða bara framsækið rokk á íslensku, nema proggmetallinn er harðari. „Proggrokk rekur uppruna sinn til 70‘s hljómsveita eins og Pink Floyd, Genesis, Yes og þessara hljómsveita. Síðan hafa hljómsveitir eins og Dream Theater, Mastodon og Symphony X blandað svolitlu af þungarokki inn í þetta,“ segir Guðjón.

„Svo eru í dag alls konar ný bönd sem taka þetta enn þá lengra og við erum undir áhrifum frá þeirri senu,“ bætir hann við.

## Gera mikið af tilraunum

Tónlist sveitarinnar einkennist af löngum lögum og flóknum samsetningum. „ Ef við viljum gera eitthvað þá gerum við það og hvernig hlustendur taka því, það er undir þeim komið,“ segir Helgi.

Strákarnir segja að það séu ekki margar íslenskar hljómsveitir sem falla undir proggrokk stefnuna. Þeir nefna að þekktasta hljómsveitin sé kannski hljómsveitin Trúbrot. Af nýrri böndum nefna þeir Agent Fresco og Future Figment sem dæmi.

Það sem heillar hljómsveitarmeðlimi mest við proggmetal er hvað stefnan er laus við allar takmarkanir. „Það má gera nokkurn veginn hvað sem er undir stefnunni og það þarf ekki að aðlagast einhverjum stöðlum eða venjum líkt og í öðrum tónlistarstefnum. Við gerum mikið af tilraunum með rythma og blöndum saman áhrifum úr ólíklegustu áttum og reynum að finna út hvað virkar. Þetta er mjög gefandi og krefjandi stefna fyrir bæði tónlistarmenn og áheyrendur,“ segja þeir.

Næst á dagskrá hjá strákunum er að taka upp efnið, sem þeir sömdu á Breiðdalsvík, og spila á tónleikum í Gautaborg í sumar til að fylgja eftir síðustu plötu sinni Beyond the Night Sky.

> **Það sem einkennir okkur er að við semjum fyrir sjálfa okkur en ekki aðra, en ef aðrir hafa gaman af því þá er það frábært,**
>
> **Guðjón Sveinsson**

Þar sem Helgi býr í Stokkhólmi og Guðjón hefur einnig verið í námi þar undanfarið hafa þeir ekki spilað mikið saman nýlega. Þeir fóru þó í stuttan Norðurlandatúr í janúar og spiluðu í Svíþjóð, Noregi og Danmörku. En það var einmitt í þessum Norðurlandatúr sem strákunum bauðst að spila í Gautaborg í sumar.

„Þetta er hátíð í miðri Gautaborg í skógi sem heitir Slottskogen. Hátíðin heitir Slottskogen goes progressive og verður haldin í tuttugasta sinn í sumar þann 17. ágúst,“ segir Guðjón.

„Þegar við vorum að bóka gigg fyrir Norðurlandatúrinn í janúar þá sendum við póst hingað og þangað. Meðal annars til samtakanna sem standa að þessari hátíð. Við vissum ekkert um hátíðina, við vildum bara bóka tónleika í Gautaborg. En það gekk ekki upp. Við ákváðum þess vegna bara að taka eins dags frí í Gautaborg á meðan á túrnum stóð, en akkúrat þann dag hafði maður frá samtökunum samband við okkur og vildi hitta okkur. Við fórum á fund með honum sem gekk svo vel að við vorum bókaðir.”

## Næsta plata þyngri

Strákarnir segjast vonast til að geta nýtt ferðina og bókað fleiri tónleika í Svíþjóð eða löndunum í kring á svipuðum tíma. Annars er stefnan bara að klára nýju plötuna. Þeim hefur gengið vel að semja og segjast komnir með meira en nóg efni. Nú er bara að velja úr.

„Við Helgi áttum mikið af demóum og hinir strákarnir voru með eitthvað efni líka. Við vildum komast eitthvert í burtu og einangra okkur til að sjóða saman efnið,“ segir Guðjón um ástæðu þess að þeir fóru til Breiðdalsvíkur.

Þeir segja aðdáendur sveitarinnar mega búast við að nýja platan verði þyngri en þær fyrri. „Það var mikið af 70’s áhrifum á fyrri plötunum en núna erum við frekar undir áhrifum frá nútímanum. Við vorum með helling af gestahljóðfæraleikurum á síðustu plötu eins og strengjakvartett og blástursleikara. En nú eru þetta bara við.”

Strákarnir segja að markmiðið með tónlistinni þeirra sé ekki heimsfrægð. „Þá værum við líklega að spila annars konar tónlist,“ segja þeir hlæjandi. „Það sem einkennir okkur er að við semjum fyrir sjálfa okkur en ekki aðra, en ef aðrir hafa gaman af því þá er það frábært,“ segir Guðjón.

„Þið megið vera spennt fyrir næstu plötu,“ segir Helgi og bætir við í gamni: „Því hún verður helluð!“

Þeir sem hafa áhuga á að hlusta á Ring of Gyges geta fundið plöturnar þeirra á öllum helstu streymisveitum, eins og Spotify. Strákarnir selja plöturnar einnig í gegnum vefsíðuna sína ringofgygesband.com.




Klifurbakpokar • Leiðsögumannabakpokar • Fjallgöngubakpokar • Krakkabakpokar • Hjólabakpokar • Ferðatöskur • Dufflar
OSPREY
Bakpokar frá Osprey
OSPREY
Eitt mesta úrval landsins
Kestrel 38L
Göngubakpoki
28.990 kr.
HERRA
Lífstíðarábyrgð
Stillanlegt bak
Hægt að breyta hliðarströppum í þverfestingar t.d. fyrir snjóþrúgur
Brjóstól á sleða og með neyðarflautu
Göngustafa festing
Hámarks öndun í baki
Flöskuvasar
Mjaðmabelti þrengist með því að toga beggja vegna
Vasi á mjaðmabelti
Svefnpokaól
Vasi í topploki
Netavasi með lyklahengju undir topploki
Með léttustu bakpokum í heimi
Hægt að opna á hliðinni
Netapoki
Tvískipt hólf
Lykkja fyrir ísöxi
DÖMU
Kyte 36L
Göngubakpoki
28.990 kr.
Zealot 15L
Hjólabakpoki
18.990 kr.
FYRIR BÆÐI KYN
HERRA
Talon 33L
Léttur göngubakpoki
21.990 kr.
DÖMU
Tempest 30L
Léttur göngubakpoki
21.990 kr.
HERRA
Aether 70L Burðarbakpoki
43.990 kr.
DÖMU
Ariel 65L Burðarbakpoki
43.990 kr.
FYRIR BÆÐI KYN
Daylite Alhliða bakpoki
9.990 kr.
HERRA
Talon 22L
Léttur göngubakpoki
19.990 kr.
DÖMU
Tempest 20L
Léttur göngubakpoki
19.990 kr.
HERRA
Farpoint 55L
Heimsreisubakpoki
28.990 kr.
DÖMU
Fairview 55L
Heimsreisubakpoki
28.990 kr.
OSPREY
OSPREY
OSPREY
OSPREY
Transporter dufflar
Verð frá 21.990 kr.
Talon 6L
Mittistaska
12.990 kr.
GG•sport
Við stillum alla bakpoka þannig að þeir passi fullkomlega.
Á stærri pokunum sérmótum við mjaðmabeltin.
„Finndu okkur á Facebook"
Smiðjuvegur 8, Græn gata, 200 Kópavogi • sími: 571 1020 • www.ggsport.is

# Smáauglýsingar

550 5055
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

## Bílar & Farartæki

SUZUKI



EL-GO rafmagnsvespur. Ekkert próf, engin skráning, BARA GAMAN. Vespurnar eru til í fjórum flottum litum. Verð frá 152.000.- kr.

**SUZUKI**
**Skeifunni 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 568 5100**
**suzukisport@suzuki.is**
**Suzuki.is**

Barnaheill
Save the Children á Íslandi




## Bátar



**HEIMAVÍKUR PLÖTUKRÓKAR TILBOÐ.**
10 stk plötukrókar-10 stk sigurnaglar nr 5 tvö pör vettlingar 5580 kr Heimavik.is Heimavík s: 555-6090 eða 892-8655

**LAXANETIN**
Þjórsá-Hvítá-Ölfusará tilbúin. Heimavik.is

## Hjólbarðar

OK VARAHLUTIR



**TECHKING VINNUVÉLADEKK**
Vorum að fá nýja sendingu af hinum frábæru vinnuvéladekkjum frá Techking Búkolludekk-hjólaskófludekk Ofl. Ýmsar algengar stærðir. O.K.Varahlutir ehf. Fyrirsp. sendist á okspares@simnet.is

## Varahlutir

LJÓSBOGINN ehf.
Altenatorar & Startarar



ljósboginn@ljosboginn.is
s. 553-1244

## Þjónusta

## Pípulagnir

**PÍPULAGNINGARÞJÓNUSTA**
Viðgerðir, viðhald og nýlagnir.
**Uppýsingar í síma 868-2055**

Pípulagnaþjónustan oje 780-3939. Allt almennt viðhald og breytingar. Dren, frárennsli.

## Hreingerningar

Hreingerningaþjónusta Þvegillinn 5 44 44 46

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn. is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

**VY-ÞRIF EHF.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

## Garðyrkja

Sláttur, klippingar og ofl. Halldór garðyrkjumaður. S: 698 1215

Tek að mér slátt fyrir húsfélög og einstaklinga, klippingar og umhirðu á görðum. Uppl. í s. 616 1569.

Garðsláttur s:7600231
20% afsláttur fyrir eldri borgara.

## Bókhald

**RÉTTA- BÓKHALDSÞJÓNUSTA.**
Getum bætt við okkur verkefnum. Alhliða bókhaldsþjónusta. Sanngjörn verð og góð þjónusta. Uppl. í s. 8548080/5168080 eða olafur@retta.is.

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

**BÓKHALD.**
Get tekið að mér bókhald og uppgjör fyrir smærri fyrirtæki, og einstaklinga. Upplýsingar í síma 899-2042

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Húsaviðhald

Múrari tekur að sér tröppuviðgerðir sem og allt almennt viðhald fasteigna s:6974650

Getum bætt við okkur verkefnum í öllu viðhaldi innan og utanhús. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Litið Mál ehf. Sigurður 896-5758

## Spádómar

**SPÁSÍMINN 908 5666**
Stjörnuspá. Tarot. Árspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

## Rafvirkjun

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

Ábendingahnappinn má finna á **www.barnaheill.is**



SAFT

## Keypt & Selt

## Óskast keypt

**STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!**
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!

www.kaupumgull.is
**Opið mán - fös 11-16, Skipholt 27, 105**

**Upplýsingar í síma 782 8800**

## Til bygginga



**HARÐVIÐUR TIL HÚSBYGGINGA. SJÁ NÁNAR Á: VIDUR.IS**
Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

## Húsnæði

## Húsnæði í boði

**TIL LEIGU NÝLEGT 165 - 570 FM ATVINNUHÚSNÆÐI Í 116 REYKJAVÍK VERÐ FRÁ KR 990 FM**
165 og 285 fm bil með allt að 9 m lofthæð, stórar innkeyrsludyr, góð malbikuð lóð, og greið aðkoma.
**Nánari upplýsingar veitir Sverrir í s. 661 7000**

## Geymsluhúsnæði

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

## Atvinna

## Atvinna óskast

**VANTAR ÞIG SMIÐI, MÚRARA, MÁLARA EÐA AÐRA STARFSMENN?**
Höfum á skrá menn sem geta hafið störf með skömmum fyrirvara.
**Proventus starfsmannaþjónusta - proventus.is Sími 551-5000 Netfang proventus@proventus.is**

Barnaheill
Save the Children á Íslandi




FKI




Danska fyrirtækið FKI hefur áratuga reynslu í framleiðslu tækja til pylsugerðar og skyndibita.
**Kynntu þér úrvalið í sýningarsalnum Draghálsi 4**



TAKTIK 5301

VERSLUNARTÆKNI www.verslun.is
geiri www.geiriehf.is
STÓRELDHÚS
**Draghálsi 4 - 110 Reykjavík**
**Sími: 535 1300 -**
**verslun@verslun.is**